

Fréttabréf

Lífeyrisdeildar Sameykis

2. tbl. 7. árg. september 2025



Haustfagnaður

miðvikudaginn 29. október 2025, kl. 12.00-15.00

Gullhamrar í Grafarholti, Þjóðhildarstíg 2

Boðað er til haustfagnaðar fyrir félagsfólk lífeyrisdeildar.

Boðið verður upp á steikarhlaðborð með kalkún og purusteik ásamt meðlæti.

Eftirréttur verður karamellusúkkulaðímús með passionkremi. Boðið er upp á að panta grænmetisrétt eða veganrétt en það þarf að panta sérstaklega hjá

jakobina@sameyki.is

KK kemur og flytur tónlist af sinni alkunnu snilld.

Sólrún B. Valdimarsdóttir leiðir dans og Páll Sigurðsson spilar undir.

Verð 6.000 kr. á mann

Skráning á haustfagnaðinn er í gegnum rafrænt orlofskerfi félagsins á vefsíðunni www.sameyki.is

Félagsfólk má bjóða með sér einum gesti.

Síðasti dagur til að skrá sig er fimmtudagurinn 23. október.

Fréttabréf í tölvupósti

Framvegis verður fréttabréf lífeyrisdeildar sent til félagsfólks lífeyrisdeildar með tölvupósti. Það er því mikilvægt fyrir þá sem vilja fylgjast með starfi deildarinnar að skrá inn rétt netfang á **mínum síðum** á vef Sameykis, [sameyki.is](https://www.sameyki.is). Fréttabréfið má einnig finna inn á vef Sameykis, undir lífeyrisdeild. Þeir sem **ekki** hafa aðgang að tölvu geta óskað eftir að fá fréttabréfið sent í pósti með því að hafa samband við skrifstofu Sameykis í síma 525-8330 eða senda tölvupóst á jakobina@sameyki.is. Tímarit Sameykis er á sama hátt aðeins sent þeim sem óska sérstaklega eftir því á vef Sameykis.

Gervigreind og snjalltæki

- Námskeið fyrir lífeyrisdeild

Grettisgötu 89, 1. hæð, fimmtudaginn 13. nóvember kl. 13-15

Leiðbeinandi: Atli Thor

Á þessu námskeiði verður farið yfir hvað felst í hugtakinu gervigreind, upphaf hennar og hvernig hún er orðin hluti af daglegu lífi okkar. Við skoðum dæmi um notkun gervigreindar í samskiptum, þjónustu (sjálfkeyrandi bílar...) og afþreyingu – allt frá spjallforritum, þýðingum, vali á afþreyingu yfir í raddstýringu og myndgreiningu.

Einnig verður fjallað um snjalltæki eins og síma, spjaldtölvur og snjallúr og hvernig þau hafa þróast frá einföldum samskiptatækjum yfir í fjölnota hjálpartæki. Lögð verður áhersla á að útskýra hugtökin á einfaldan hátt með raunverulegum dæmum úr daglegu lífi, þannig að allir geti fylgst með þróuninni, jafnvel þótt þeir noti ekki sjálfir þessi tæki. Skráning og nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á síðu lífeyrisdeildar á slóðinni <https://www.sameyki.is/um-sameyki/lifeyrisdeild/>

Gönguhópur tekur til starfa á ný

Pétur Ásbjörnsson hefur tekið að sér að vera göngustjóri lífeyrisdeildar Sameykis og ætlar að byrja með göngur um garða Reykjavíkur. Fyrsta gangan verður í Fossvogskirkjugarði 25. september klukkan 10:00. Hefst gangan fyrir utan kirkjuna. Hugmyndin er að vera með göngu síðasta fimmtudag í hverjum mánuði.

Ný stjórn lífeyrisdeildar

Á aðalfundi lífeyrisdeildar 29. apríl síðastliðinn var kosið í nýja stjórn deildarinnar. Emilía Guðrún Jónsdóttir var kosin formaður. Stjórn skipti svo með sér verkum eftir aðalfund. Marías Sveinsson, varaformaður, Hildur Gunnarsdóttir, ritari og Þórdís Richter, gjaldkeri hafa verið í stjórn frá 2023 og voru endurkjörin. Pétur Ásbjörnsson, Sveinn Pálsson og Hafdís Vilhjálmsdóttir auk formanns komu ný inn í stjórn lífeyrisdeildar.



Frá vinstri: Bryndís Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Þórdís Richter, Marías Sveinsson, Hafdís Vilhjálmsdóttir, Sveinn Pálsson og Emilía Guðrún Jónsdóttir. Á myndina vantar Guðrúnu Árnadóttur og Guðjón Magnússon.

Ingibjörg Óskarsdóttir, sem hefur verið formaður deildarinnar frá stofnun hennar árið 2019, Bryndís Þorsteinsdóttir, Guðjón Magnússon og Guðrún Árnadóttir hætta í stjórn eftir þrjú tímabil er þeim þakkað fyrir frábær störf fyrir lífeyrisdeildina síðastliðin ár.

Sumarferðir lífeyrisdeildar 2025



Þrjár ferðir voru í sumar með félagsfólki í lífeyrisdeild Sameykis um Suðurnesin undir leiðsögn Harðar Gíslasonar. Um 180 lífeyrisdeildarfélagar tóku þátt í ferðunum í júní. Mikil ánægja var með ferðirnar og fljótlega hefst undirbúningur fyrir ferðir næsta sumars.

Hægt er að nálgast myndir af ferðunum á vef Sameykis undir myndasafn.

Orlofshús og orlofstilboð

Félagsfólk í lífeyrisdeild getur leigt sér orlofshús yfir vetrartímann virka daga í Vaðnesi og Munaðarnesi á tilboðsverði, þ.e. 2.500 kr. nóttina frá mánudegi til föstudags. Til þess að fá þennan afslátt þarf að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 525 8330.


Á orlofsvef Sameykis er einnig hægt að kaupa gjafabréf í flug, ferðaávisanir, veiðikort og fleira. Við hvetjum ykkur til að skoða það á orlofsvef Sameykis.

Símenntunarsjóður lífeyrisdeildar

Félagar í lífeyrisdeild Sameykis hafa aðgang að sérstökum símenntunarsjóði. Hægt er að sækja um styrki vegna námskeiða og fræðslu. Greiddir eru styrkir úr sjóðnum tvisvar á ári; 15. maí og 15. nóvember.

Frestur til að senda inn umsóknir í haust er 10. nóvember.

Félagsfólk getur fengið að hámarki 32.000 kr. styrk yfir almanaksárið samkvæmt framlögðum gildum kvittunum. Greiðslur geta þó orðið lægri ef umsóknir eru margar. Ekki er greitt fyrir námskeið meira en ár aftur í tímann. Hægt er að sækja um rafrænt á vef Sameykis www.sameyki.is Öllum umsóknum verður að fylgja gild kvittun með kennitölu félagsmanns og fræðsluaðila.



GOTT AÐ VITA – Fyrir alla

Gott að vita námskeið Sameykis standa öllu félagsfólk til boða. Við hvetjum félaga í lífeyrisdeildinni til að kynna sér hvað er í boði. Upplýsingar má finna bæði í blaði Sameykis en einnig á <http://www.sameyki.is/>

Skráning í lífeyrisdeild

Nauðsynlegt er að skrá sig í lífeyrisdeildina þegar fólk hættir störfum. Það gerist ekki sjálfkrafa. Hægt er að skrá sig á vefsíðu félagsins undir lífeyrisdeild, <https://www.sameyki.is/um-sameyki/lifeyrisdeild/lifeyrisdeild-skraning/> Látið endilega vini og félaga sem eiga rétt á aðild vita, ef þeir hafa ekki skráð sig.



Fréttabréf lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannajónustu
Áb.maður: Kári Sigurðsson - Umsjón: Jakobína Þórðardóttir
Útgefandi: Sameyki stéttarfélag í almannajónustu
Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík - 5258330 - sameyki@sameyki.is